



Íslenska kalkpörungafélagið ehf.  
b.t. Sigurðar R. Helgasonar  
stjórnarformanns  
Strandvegi 17  
210 GARÐABÆR

Reykjavík, 08. febrúar 2010  
*Tilvísun:* 2009120021  
*Bréfalykill:* 50.4.3  
*Verknúmer:* 1073000

**Efni: Leyfi til leitar og rannsókna á kalkpörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.**

Þann 30. desember 2009 barst Orkustofnun umsókn frá Íslenska kalkpörungafélaginu ehf., dags. s.d., um leyfi til leitar og rannsókna á kalkpörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði á tímabilinu 2010-2012. Umsóknin byggir á ákvæðum laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins.

Þann 5. janúar sl. var umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins ehf. send til umsagnar Umhverfisstofnunar, sem lögbundins umsagnaraðila, auk lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Ísafjarðarbæjar, Siglingastofnunar Íslands, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar (fylgiskjöl 2-10). Allar umsagnir hafa nú verið sendar Íslenska kalkpörungafélaginu ehf., sem farið hefur yfir þær, sbr. tölvupóstur sem barst Orkustofnun þann 27. janúar sl.

Orkustofnun hefur nú tekið umsóknina, ásamt þeim umsögnum sem borist hafa, til umfjöllunar. Orkustofnun fellst á umsókn Íslenska kalkpörungafélagsins ehf. með þeirri undantekningu að ekki verður veittur forgangur að leyfi til hagnýtingar skv. 2. mgr., 2. gr. laga nr. 73/1990.

Orkustofnun hefur litið svo á að ekki sé æskilegt að veita forgang að efnistöku við útgáfu leitar- og rannsóknaleyfa. Slík leyfi hafa ekki verið gefin út sem sérleyfi og því ekki hægt að útiloka aðgang annarra að svæðinu. Þá er ekki hægt að ganga út frá því að efnistaka muni fara fram á öllu því svæði sem leitar- og rannsóknaleyfi tekur til og því óeðlilegt að útiloka aðgang annarra að rannsóknasvæðinu í heild sinni.

Áréttað skal að í leyfinu er kveðið á um að, að loknum endurvarpsmælingum í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði og áður en kjarnaboranir hefjast þar, skuli leyfishafi skila inn til Orkustofnunar frumniðurstöðum endurvarpsmælinga og leita staðfestingar Orkustofnunar á áætlun um kjarnaboranir í framangreindum fjörðum, þar sem fram komi upplýsingar um fjölda borana og staðsetningar þeirra.

Í leyfinu er einnig kveðið á um að leyfishafi skuli, áður en kjarnaboranir hefjast, leita staðfestingar Orkustofnunar á því að engin skipsflök, hlutar úr þeim eða aðrar fornleifar finnast á borunarstöðum, eftir athugun Fornleifaverndar ríkisins, sbr. 9. og 10. gr.

Þjóðminjalaga nr. 107/2001. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins (fylgiskjal 8) er farið fram á að hafsbótinn á þeim svæðum, sem áætlað er að raska, verði kannaður nánar til að ganga úr skugga um að engin flök eða aðrar minjar leynist á rannsóknasvæðunum.

Í umsögn lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu (fylgiskjal 3) kemur fram að talið sé eðlilegt að rannsóknir fari ekki fram innan friðunarsvæða við ósa vatnsmestu veiðiáa á svæðinu, sem að jafnaði renna í fjarðarbotnana og er þar vísað til 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Með hliðsjón af umsögninni er í leyfinu kveðið á um að leyfishafi skuli forðast að fara nær ósum lax- og silungsveiðiáa en 1,5 km.


Með tölvupósti þann 12. janúar 2010 (fylgiskjal 3), sendi lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu inn viðbót við umsögn sína. Þar koma fram ábendingar um að gæta þurfi að því að rannsóknaskipið haldi ákveðinni fjarlægð frá eldiskvíum og að slík ákvæði þyrftu að koma fram í leyfinu. Með hliðsjón af umsögninni vekur Orkustofnun athygli leyfishafa á takmörkunum þeim sem kveðið er á um í 27. gr. reglugerðar nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar. Í umsögn Ísafjarðarbæjar (fylgiskjal 5) kemur fram að umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar geri ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt, enda skaði það ekki sjókvíaeldi í Dýrafirði, þar sem leyfi hafi áður verið veitt fyrir sjókvíaeldi á laxi, regnbogasilungi og þorski. Í umsögn Tálknafjarðarhrepps (fylgiskjal 6) er vakin athygli á bláskelja- og þorskeldi sem nú þegar er í fullum rekstri. Til viðbótar fyrirhugar fyrirtækið Þóroddur ehf. framleiðslu á 3.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Tálknafirði og Patreksfirði, en Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að framleiðslan skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum, en lagði til að leyfið yrði fyrst í stað bundið við 1.000 tonna ársframleiðslu af laxi. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (fylgiskjal 9) er farið ítarlega yfir hvaða fyrirtæki hafi starfsleyfi til eldis í sjókvíum í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði og að taka þurfi tillit til þeirrar starfsemi. Til viðbótar við þær upplýsingar sem fram koma í umsögn Tálknafjarðarhrepps um fyrirhugað laxeldi í sjókvíum í Tálknafirði og Patreksfirði, er bent á að fyrirtækið Dýrfiskur ehf. fyrirhugar framleiðslu á allt að 2.000 tonnum af regnbogasilungi og/eða laxi í sjókvíum fyrir utan Haukadalsbót sunnan megin í Dýrafirði, en Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu að framleiðslan skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


Samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 64/1994 og 3. gr. reglugerðar nr. 252/1996 er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð í friðlýstu æðarvarpi, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Orkustofnun telur rétt að benda á æðarvarp í Dýrafirði, s.s. á jörðunum Mýrum, Læk, Höfða og Hólum, auk Sveinseyrar í Tálknafirði.

Áréttað skal að leyfi þetta takmarkast við svæði utan netlaga. Leit og rannsóknir innan netlaga eru háðar leyfi landeigenda og kunna þar að auki að vera framkvæmdaleyfis- og skipulagsskyldar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

Orkustofnun gefur hér með út leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði, sbr. meðfylgjandi leyfi ásamt fylgiskjölum.

Virðingarfyllst

  
Bryndís G. Róbertsdóttir  
land- og jarðfræðingur

  
Valborg Steingrímisdóttir  
lögfræðingur

*Afrit sent til:*

Iðnaðarráðuneytis  
Skipulagsstofnunar  
Landhelgisgæslu Íslands

Fiskistofu, lax- og silungsveiðisviðs  
Fornleifaverndar ríkisins  
Hafrannsóknastofnunarinnar  
Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða  
Ísafjarðarbæjar  
Siglingastofnunar Íslands  
Tálknafjarðarhrepps  
Umhverfisstofnunar  
Vesturbyggðar

*Fylgiskjöl:*

1. Leyfi til leitar og rannsókna á kalkþörungaseti á hafsbotni í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði (ásamt fylgiskjölum 1-3).
2. Bréf Siglingastofnunar Íslands til Orkustofnunar, dags. 6. janúar 2010; umsögn um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.
3. Bréf lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu til Orkustofnunar, dags. 7. janúar 2010; varðar rannsóknaleyfi á kalkþörungalögum í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Til viðbótar barst tölvupóstur frá lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu til Orkustofnunar, þann 12. janúar 2010.
4. Bréf Umhverfisstofnunar til Orkustofnunar, dags. 15. janúar 2010; leitar- og rannsóknaleyfi - kalkþörungaset í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði: umsögn.
5. Bréf Ísafjarðarbæjar til Orkustofnunar, dags. 19. janúar 2010; umsögn Ísafjarðarbæjar vegna beiðni Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.
6. Bréf Tálknafjarðarhrepps til Orkustofnunar, dags. 19. janúar 2010; umsögn Tálknafjarðarhrepps um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkþörungaseti í Tálknafirði.
7. Bréf Hafrannsóknastofnunarinnar til Orkustofnunar, dags. 19. janúar 2010; umsögn um umsókn Íslenska kalkþörungafélagsins um leitar- og rannsóknaleyfi á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.
8. Tölvupóstur Fornleifaverndar ríkisins til Orkustofnunar, þann 21. janúar 2010; rannsókn á kalkþörungaseti í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði.
9. Bréf Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til Orkustofnunar, dags. 21. janúar 2010; umsögn um rannsóknaleyfi á kalkþörungum í Dýrafirði, Arnarfirði og Tálknafirði.
10. Bréf Vesturbyggðar til Orkustofnunar, dags. 21. janúar 2010; beiðni um umsögn.